

# UNGT FÓLK 2013

Menntun, menning, íþróttir, tómstundir,  
hagir og líðan nemenda í 5., 6. og 7. bekk



Niðurstöður úr æskulýðsrannsókninni Ungt fólk 2013 5., 6. og 7. bekk í grunnskóla.

Kynningarfundur fimmtudaginn 7.nóvember 2013 í Nauthóli við Nauthólsvík, 101 Reykjavík.

Spurningalisti var lagður fyrir nemendur í öllum grunnskólum landsins í febrúar 2013. Skýrslunni var skipt upp í kaflana *Íþróttta-, félags-og tómstundastarf, samband við foreldra og fjölskyldu (vinir, stríðni, nám og skóli), lestur miðlar og tækjæign og loks neysluvenjur*

## Nokkrar niðurstöður

---

- Nokkuð hátt hlutfall nemenda í 5. – 7. bekk segist eiga erfitt með að sofa eða sofna, hefur litla matarlyst og hefur fundið fyrir höfuðverk og magaverk. Þetta má telja athyglisvert, einkum þar sem um er að ræða ung börn að árum.
- Mikil aukning hefur orðið frá árinu 2007 á íþróttaiðkun (4x í viku eða oft) og þá sérstaklega meðal stelpna.
- Nemendur sem æfa íþróttir með íþróttafélagi eru síður líklegir til að upplifa sig einmana (sl. sjö daga fyrir könnun). Um 17% nemenda sem segjast aldrei æfa íþróttir sögðust stundum eða oft finna fyrir einmanaleika á meðan hlutfallið er 7% meðal nemenda sem æfa fjórum sinnum í viku eða oft.
- Samverustundir með foreldrum eru miklar og aukast. Yfir 90% nemenda segjast stundum eða oft vera með foreldrum sínum um helgar og yfir 70% nemenda segjast stundum eða oft vera með foreldrum sínum eftir skóla.
- Fleiri nemendur segjast stundum eða oft vera einir heima eftir skóla (ekki með fjölskyldu) en árið 2011, eða um 47% nemenda.
- Um 6-9% nemenda segja að þeir eigi enga eða fáa vini.
- Um 12 - 17% nemenda í 5., 6. og 7. bekk segja það eiga mjög eða frekar illa við um þau að foreldrar þeirra þekki foreldra vina eða vinkvenna þeirra.
- Þá segja um 8,5% (145) stráka í 5.bekk og um 5,8% stelpna (101) að þeim sé stundum eða oft strítt í frímínútum á skólalóðinni. Þá segja um 5 - 7% nemenda þeim líði frekar eða mjög illa í frímínútum sem eru svipaðar niðurstöður og fengust árið 2011.
- Fleiri strákar en stelpur telja að námið sé oft eða alltaf erfitt. Þá telja líka fleiri strákar en stelpur að námið sé of létt.
- Um 6 - 9% nemenda í 5., 6. og 7. bekk segja að þeim líði oft eða alltaf illa í kennslustundum, sem eru eilítið færri en árið 2011.
- Örlítið færri nemendur segja nú í ár, en árið 2011, að þeim líki frekar eða mjög illa við kennarana í skólanum. Þó má enn greina kynjamun.


- Fleiri nemendur telja nú í ár að kennararnir hrósi þeim stundum eða oft í skólanum, en var árið 2011.
- Þá segja um 11% nemenda í 5. bekk, 16% nemenda í 6. bekk og 23% nemenda í 7. bekk að þeim finnist frekar eða mjög leiðinlegt að lesa bækur. Kynjamunur er áberandi og virðast stráku finnst leiðinlegra að lesa bækur en stelpum.
- Um 61% nemenda í 5. bekk, um 51% í 6. bekk og um 36% nemenda í 7. bekk segja að þau verji engum tíma á dag í lestur texta netinu, t.d. á bókum, blöðum og sögum.

## 1. Líðan barna

Hér í töflu eitt að neðan má sjá niðurstöður spurninga sem snúa að líðan nemenda og hvort og þá hve oft þeir hafa fundið fyrir ákveðnum andlegum og líkamlegum einkennum síðustu sjö daga fyrir könnun. Niðurstöðurnar sýna annars vegar fjölda og hins vegar hlutfall þeirra sem hafa stundum eða oft fundið fyrir slíku.

**Tafla 1.** Fjöldi stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem hafa fundið *stundum eða oft fyrir einhverju af eftirtöldu síðastliðna sjö daga fyrir könnun?*


Einkenni: Stundum eða oft	5. bekkur		6. bekkur		7. bekkur	
	Strákar % (fjöldi)	Stelpur % (fjöldi)	Strákar % (fjöldi)	Stelpur % (fjöldi)	Strákar % (fjöldi)	Stelpur % (fjöldi)
Lítill matarlyst	12,0 (202)	11,8 (206)	11,8 (213)	14,2 (251)	11,2 (215)	17,6 (335)
Einmana	8,8 (148)	12,6 (217)	8,4 (152)	12,9 (226)	7,3 (141)	13,1 (250)
Erfitt með að sofa eða sofna	22,6 (380)	21,7 (378)	17,0 (308)	21,2 (373)	17,1 (328)	21,7 (412)
Höfuðverkur	17,2 (288)	21,9 (381)	14,6 (264)	23,5 (411)	15,5 (299)	22,3 (425)
Magaverkur	14,5 (244)	21,4 (373)	12,5 (226)	21,0 (370)	12,6 (242)	20,4 (389)




**Mynd 1.** Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem hafa átt erfitt með að sofa eða sofna síðastliðna sjö daga fyrir könnun.

## 2. Félags- og tómstundastarf

- Tæplega 14% stráka og tæp 13% stelpna í 7. bekk taka þátt í félags- eða tómstundastarfi í félagsmiðstöð einu sinni í viku eða oftar.
- Þátttaka stelpna í dansi er töluverð og segjast rúmlega 25% stelpna taka þátt í dansi einu sinni í viku eða oftar.
- Þá segjast um 27,1% stráka í 5. bekk, 33,9% stráka í 6. bekk og 47,1% stráka í 7. bekk vera einu sinni í viku eða oftar með vinum sínum þar sem enginn fullorðin er á staðnum.
- Mikil aukning hefur orðið á íþróttaiðkun 4x í viku eða oftar og þá sérstaklega meðal stelpna. Árið 2007 sögðust um 29% stelpna æfa eða keppa með íþróttafélagi 4x í viku eða oftar, en nú árið 2013 segja um 42% stelpna að þær æfi eða keppa þetta oft.



**Mynd 2.** Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7.bekk eftir því hversu oft þau æfa eða keppa með íþróttafélagi (4x í viku eða oftar). Árin, 2007, 2009, 2011 og 2013.




**Mynd 3.** Samanburður á milli skólustiga. Hversu oft nemendur æfa eða keppa með íþróttafélagi (4x í viku eða oftar)\*

\* Mynd 3 sýnir niðurstöður úr rannsóknum meðal nemenda í 5. til 10. bekkjar grunnskóla og meðal nemenda í framhaldsskólum undanfarin ár. Eins og sjá má á myndinni þá dregur verulega úr skipulagðri íþróttaiðkun þetta oft í viku eftir því sem nemendur eldast.

### 3. Samband við foreldra og fjölskyldu


- Um 16 - 20% stráka segja að þeir fái aldrei, næstum aldrei eða sjaldan hjálp við heimanám, en 11 - 14% stelpna. Um 2-3% nemenda í öllum bekkjardeildum segjast aldrei þurfa að læra heima.
- Um 71% nemenda í 5.bekk, 73% í 6. bekk og 74% nemenda í 7.bekk segjast stundum eða oft vera með foreldrum sínum eftir skóla. Um 27-31% stráka í 5., 6. og 7. bekk segjast vera sjaldan, næstum aldrei eða aldrei með foreldrum sínum eftir skóla, en um 26-27% stelpna svara þessu þannig til.
- Um 47% nemenda í 5., 6. og 7.bekk segjast stundum eða oft vera einir heima (ekki með fjölskyldu) eftir að skóla lýkur á daginn.




**Mynd 4.** Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk eftir því hversu oft þau segjast vera með foreldrum eftir skóla, *stundum eða oft*.

## 4. Vinir og stríðni

- Um 6 - 9% nemenda í 5., 6. og 7. bekk segja að þeir eigi fáa eða enga vini.
- Um 13% nemenda í 5. bekk, 15% í 6. bekk og 17% nemenda í 7. bekk segja það eiga mjög eða frekar illa við um þau að foreldrar þeirra þekki foreldra vina eða vinkvenna þeirra.
- Meirihluti nemenda hefur ekki upplifað stríðni af hálfu nokkurra krakka. Um 77% nemenda í 5. bekk, 74% í 6. bekk og 81% nemenda í 7. bekk að slíkt hafi aldrei gerst hjá þeim í vetur. Engu að síður sýna þessar sömu niðurstöður að 68 nemendur í 5. bekk, 40 nemendur í 6. bekk og 27 nemendur í 7. bekk hafi upplifað slíkt oft.
- Þá segja um 8,5% (145) stráka í 5. bekk og um 5,8% stelpna (101) að þeim sé stundum eða oft strítt í frímínútum á skólalóðinni.



**Mynd 5.** Foreldrar mínir þekkja foreldra vina/vinkvenna minna. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.




**Mynd 6.** Samanburður á milli skólastiga. Foreldrar mínir þekkja foreldra vina/ vinkvenna minna. Á mjög eða frekar vel við um mig\*

\* Eins og sjá má á myndinni þá dregur verulega úr því að foreldrar þekki foreldra vina / vinkvenna nemenda eftir því sem nemendur eldast.

## 5. Nám og skóli

- Fleiri strákar en stelpur eða um 8 - 9% stráka telja að námið sé oft eða alltaf erfitt, en um 5-7% stelpna.
- Þá telja líka fleiri strákar en stelpur að námið sé of létt eða um 19% stráka í 5. bekk en 12% stelpna, 13% stráka í 6. bekk en 11% stelpna og að lokum 10% stráka í 7. bekk en 9% stelpna.
- Um 9% nemenda í 5. bekk, um 8% nemenda í 6. bekk og um 6% nemenda í 7. bekk segja að þeim líði oft eða alltaf illa í kennslustundum.
- Þá segja um 7% (239) nemenda í 5. bekk, 6% (205) nemenda í 6. bekk og 5% (182) nemenda í 5. bekk að þeim líði frekar eða mjög illa í frímínútum.
- Um 5% (166) nemenda í 5. bekk, 7% (234) nemenda í 6. bekk og 9% (329) nemenda í 7. bekk segja að þeim líki frekar eða mjög illa við kennarana í skólanum. Hér má einnig greina talsverðan kynjamun.
- Þá segja um 82% stelpna en 71% stráka í 5. bekk að kennararnir hrósi þeim stundum eða oft í skólanum. Hjá sjöttubekkingum er hlutfallið 70% meðal stráka en 79% meðal stelpna. Í 7. bekk segja 69% stráka og um 74% stelpna að kennararnir hrósi þeim stundum eða oft í skólanum.






**Mynd 7.** Hlutfall stráka og stelpna í 5.-7.bekk eftir því hversu oft þeir telja að kennararnir hrósi þeim í skólanum, *aldrei, næstum aldrei, sjaldan*.

## 6. Lestur, miðlar og tækjæign


- Um 25% stráka í 5. bekk og 18% stelpna svara því þannig til að þau noti „eng“ klst að jafnaði á dag til að lesa bækur aðrar en skólabækur.
- Þá segja um 11% nemenda í 5. bekk, 16% nemenda í 6. bekk og 23% nemenda í 7. bekk að þeim finnst frekar eða mjög leiðinlegt að lesa bækur. Kynjamunur er áberandi og virðast strákum finnast leiðinlegra að lesa bækur en stelpum. Eins virðist slíkur leiði aukast eftir því sem þau verða eldri og það við um bæði kynin.
- Um 7% nemenda í 5. bekk, 9% nemenda í 6. bekk og 10% nemenda í 7. bekk segja að þeim finnst frekar eða mjög erfitt að lesa bækur.
- Um 61% nemenda í 5. bekk, um 51% í 6. bekk og um 36% nemenda í 7. bekk segja að þau verji engum tíma á dag í lestur texta netinu, t.d. á bókum, blöðum og sögum.



**Mynd 8.** Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk eftir því hversu margar klst á dag að jafnaði þau nota í að lesa bækur, aðrar en skólabækur. Niðurstöður þeirra sem svara: Enga

## 7. Neysluvenjur

- Um 31% stráka og 34% stelpna segjast borða grænmeti einu sinni á dag og um 15% stráka.
- Um 25% stráka og 26% stelpna segjast borða kjöt, fisk eða pasta einu sinni á dag.
- Þá segjast um 15% stráka og um 13% stelpna borða sælgæti eða sætt kex einu sinn á dag.
- Um 18% stráka og 8% stelpna segjast drekka eina til þrjár flöskur/dósir af Cola (pepsí, kók) drykkjum daglega. Þá segjast um 6% stráka og 3% stelpna drekka þetta mikið af Orkudrykkjum (Red bull, Magic o.s.frv) daglega.



**Mynd 9.** Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk eftir því hversu oft þeir borða eða drekka eftirfarandi, *einu sinni á dag*.



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK  
REYKJAVÍK UNIVERSITY



RANNSÓKNIR & GREINING EHF